

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 706/2006

2008/EES/77/04

frá 8. maí 2006

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1702/2003 að því er varðar frestinn sem aðildarríkin hafa til að gefa út samþykki með takmarkaðan gildistíma(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð (EB) nr. 1592/2002 var komið í framkvæmd með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 frá 24. september 2003 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja⁽²⁾.
- 2) Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1702/2003 geta aðildarríki, þrátt fyrir ákvæði 21.A.159 í viðaukanum við reglugerðina, gefið út samþykki með takmarkaðan gildistíma til 28. september 2005.
- 3) Í 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1702/2003 er kveðið á um að Flugöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Flugöryggisstofnunin) skuli, í tæka tíð, meta áhrifin af ákvæðum þeirrar reglugerðar allan gildistíma samþykkis með það fyrir augum að skila álitni sínu til framkvæmdastjórnarinnar ásamt hugsanlegum tillögum að breytingum á framangreindri reglugerð.
- 4) Flugöryggisstofnunin hefur lokið þessu mati og komist að þeirri niðurstöðu að rétt sé að setja nýjan frest svo að

aðildarríkin geti aðlagð löggjöf sína að kerfinu varðandi samþykki með ótakmarkaðan gildistíma.

- 5) Ekki er lengur þörf fyrir ákvæðið um mat af hálfu Flugöryggisstofnunarinnar. Þetta ákvæði skal fellt brott.
- 6) Reglugerð (EB) nr. 1702/2003 skal því breytt til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á álitni sem Flugöryggisstofnunin gaf út í samræmi við b-lið 2. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1702/2003:

- a) í stað „28. september 2005“ í 2. mgr. komi „28. september 2007“,
- b) ákvæði 5. mgr. falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. maí 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jacques BARROT

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 122, 9.5.2006, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2006 frá 27. október 2006 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 64, 21.12.2006, p. 4.

(¹) Stjtið. EB L 240, 7.9.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1701/2003 (Stjtið. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 5).

(²) Stjtið. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 6. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 381/2005 (Stjtið. ESB L 61, 8.3.2005, bls. 3).